

# LANDSRÉTTUR

Úrskurður fimmtudaginn 25. september 2025

Mál nr. 631/2025:

**A**

(Hulda Rós Rúriksdóttir lögmaður)

**gegn**

**B**

(Valgerður Dís Valdimarsdóttir lögmaður)

## Lykilorð

Kærumál. Dánarbú.

## Útdráttur

Kærður var úrskurður héraðsdóms þar sem hafnað var kröfum A um að dánarbú föður A yrði tekið til opinberra skipta og að leyfi B til setu í óskiptu búu yrði fellt úr gildi. Í úrskurði Landsréttar kom fram að samkvæmt 1. mgr. 38. gr. laga nr. 21/1991 um skipti á dánarbúum o.fl. skuli dánarbú tekið til opinberra skipta að kröfu erfingja, hafi skiptum ekki verið lokið samkvæmt 25. til 27. gr. sömu laga og hvort sem leyfi hafi verið fengið til einkaskipta eða ekki. Hafi maki þess látna fengið leyfi til setu í óskiptu búu verði slík krafa að styðjast við heimild í erfðalögum, sbr. 3. mgr. 38. gr. laga nr. 21/1991. Samkvæmt því þurfi að vera fyrir hendi einhver þau atvik sem veiti erfingja heimild samkvæmt 13. til 17. gr. erfðalaga til að krefjast þess að opinber skipti fari fram. Hafi A ekki sýnt fram á að svo sé. Að því gættu en að öðru leyti með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar var hann staðfestur en þar kom meðal annars fram að 1. mgr. 45. gr. erfðalaga gæti ekki orðið grundvöllur þess að útgefið leyfi til setu í óskiptu búu væri fellt úr gildi.

## Úrskurður Landsréttar

Landsréttardómararnir Jóhannes Sigurðsson, Kjartan Bjarni Björgvinsson og Kristbjörg Stephensen kveða upp úrskurð í máli þessu.

## Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- Sóknaraðili skaut málinu til Landsréttar með kæru 28. ágúst 2025. Greinargerð varnaraðila barst réttinum 17. september sama ár. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 20. ágúst 2025 í málinu nr. Q-[...]/2025 þar sem hafnað var kröfum sóknaraðila um að dánarbú föður hennar yrði tekið til opinberra skipta og að leyfi varnaraðila til setu í óskiptu búu yrði fellt úr gildi. Kæruheimild er í 133. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o.fl.

- 2 Sónnaraðili krefst þess að leyfi varnaraðila til setu í óskiptu dánarbúi C verði fellt úr gildi og það tekið til opinberra skipta. Þá er krafist málskostnaðar í héraði og kærurnálskostnaðar.
- 3 Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærurnálskostnaðar.

### **Niðurstaða**

- 4 Samkvæmt 1. mgr. 38. gr. laga nr. 20/1991 skal dánarbúi tekið til opinberra skipta að kröfu erfingja hafi skiptum ekki verið lokið samkvæmt 25. til 27. gr. sömu laga og hvort sem leyfi hefur áður verið veitt til einkaskipta eða ekki. Hafi maki þess látna hins vegar fengið leyfi til setu í óskiptu búi verður slík krafa að styðjast við heimild í erfðalögum, sbr. 3. mgr. 38. gr. laga nr. 20/1991. Þurfa samkvæmt því að vera fyrir hendi einhver þau atvik sem veita erfingja heimild samkvæmt 13. til 17. gr. erfðalaga til að krefjast þess að opinber skipti fari fram. Hefur sóknaraðili ekki sýnt fram á að svo sé.
- 5 Að framangreindu gættu en að öðru leyti með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.
- 6 Sónnaraðila verður gert að greiða varnaraðila kærurnálskostnað eins og í úrskurðarorði greinir.

### **Úrskurðarorð:**

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sónnaraðili, A, greiði varnaraðila 450.000 krónur í kærurnálskostnað fyrir Landsrétti.

### **Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 20. ágúst 2025**

Mál þetta var þingfest 8. maí sl. og tekið til úrskurðar 23. júlí sl. Sónnaraðili er A, [...], [...], og varnaraðili B, [...], [...].

Endanlegar dómkröfur sóknaraðila eru að leyfi varnaraðila til setu í óskiptu dánarbúi C, kt. [...], verði fellt úr gildi og að dánarbúið verði tekið til opinberra skipta. Þá gerir sóknaraðili kröfu um málskostnað úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað og að sóknaraðila verði gert að greiða varnaraðila málskostnað.

### **I.**

Mál þetta lýtur að ágreiningi vegna dánarbús C, föður sóknaraðila og eiginmanns varnaraðila, sem lést [...] 2025. Varnaraðili og C heitinn gengu í hjónaband árið 2006 og bjuggu saman í fasteign hjónanna að [...] í [...]. Ráðið verður af gögnum málsins og skýrslutökum fyrir dómi að sóknaraðili hafi ekki komið á heimili varnaraðila og C síðustu tíu árin en þó verið í einhverju sambandi við föður sinn.

Fyrir liggur erfðaskrá sem C undirritaði [...] 2022, eða rúmum tveimur árum áður en hann lést. Í henni sagði að varnaraðili skyldi hafa heimild til setu í óskiptu búi við andlát C kysi hún að gera það. Þá undirrituðu hjónin kaupmála þar sem sagði að 50% eignarhlutur varnaraðila í fasteign hjónanna að [...] skyldi vera séreign hennar sem ekki kæmi til skipta við skilnað eða að öðru hjóna látinu. Erfðaskráin mun

hafa verið undirrituð í viðurvist lögbókanda en í vottorði hans 23. september 2022 sagði að varnaraðili og C hefðu undirritað erfðaskrána í viðurvist lögbókandans heil heilsu andlega, af fúsum og frjálsum vilja og kveðið hana hafa að geyma hinsta vilja sinn.

C andaðist sem fyrr segir [...] 2025 og óskaði varnaraðili í kjölfarið eftir leyfi til setu í óskiptu búi. Með bréfi sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu 18. febrúar 2025 var varnaraðila veitt leyfi til setu í óskiptu búi. Skömmu fyrir andlátíð hafði varnaraðili samþykkt fyrir hönd hjónanna kauptilboð í fyrrgreinda fasteign og var kaupsamningur undirritaður [...] maí 2025. Samkvæmt honum var söluverð eignarinnar 166.000.000 krónur en áhvílandi lán 109.602.050 krónur. Festi varnaraðili í kjölfarið kaup á íbúð að [...] í [...] fyrir 62.000.000 króna og býr hún þar í dag.

Af gögnum málsins verður ráðið að sóknaraðili hafi, með beiðni 16. janúar 2025, eða skömmu fyrir andlát föður síns, krafist þess að faðir hennar yrði sviptur fjárræði. Byggði sóknaraðili kröfuna á því að faðir hennar væri ófær um að sjá um fjármál sín en að varnaraðili hefði þrátt fyrir það samþykkt kauptilboð í fasteign hjónanna. Vegna andláts föður varnaraðila varð ekki að frekari málsmeðferð vegna umræddrar kröfu.

Með bréfi sóknaraðila til dómsins 21. febrúar 2025 krafðist sóknaraðili þess að dánarbú föður hennar yrði tekið til opinberra skipta með vísan til 3. mgr., sbr. 1. mgr. 38. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o.fl. Vísaði sóknaraðili í bréfinu til þess að sýslumaður hefði aldrei átt að veita leyfi til setu í óskiptu búi, m.a. vegna þess að faðir sóknaraðila hefði verið með langt genginn Alzheimer sjúkdóm er hann undirritaði erfðaskrána.

Í þinghaldi 23. júní 2025 gerði lögmaður sóknaraðila athugasemdir við að varnaraðili hefði, eftir að fyrrgreint erindi var sent dóminum, auglýst snyrtivörur, skó, föt, húsbúnað, sófa og borðstofuborð til sölu á Facebook. Lagði lögmaðurinn fram skjáskot af umræddri auglýsingu og kvað óeðlilegt að varnaraðili gengi fram með þessum hætti meðan á rekstri málsins stæði. Með tölvubréfi lögmanns varnaraðila til dómsins 24. júní 2025, sem lögmaður sóknaraðila fékk afrit af, var því lýst að lögmaðurinn hefði rætt við varnaraðila vegna umræddrar auglýsingar og að auglýsingin hefði verið tekin út. Allir munir C væru til staðar í búinu en að varnaraðili hefði hins vegar ætlað að selja hluta af munum sem hún hafi komið með í búið þar sem hún hefði fest kaup á minni íbúð og kæmi fyrirsjáanlega ekki öllum eigum sínum fyrir. Lýsti lögmaðurinn því enn fremur að sóknaraðila væri frjálst að fara inn í [...], taka allt sem þær væri og skilja eftir það sem hún ekki vildi. Óháður aðili yrði á staðnum. Sóknaraðili gæti einnig listað upp eignir sem hún vildi ef það væru sérstakir munur í eigu föður hennar sem hún óskaði eftir vegna flutninga varnaraðila. Þetta þyrfti að gerast næstu helgi þar sem afhending á fasteigninni [...] færi fram 5. júlí 2025. Í tölvubréfinu var því hafnað að verið væri að rýra eignir búsins enda væri einungis um að ræða gömul húsgögn, fatnað varnaraðila o.fl. sem hún þyrfti að losa sig við vegna plássleysis.

Með öðru tölvubréfi lögmannsins til lögmanns sóknaraðila 27. júní 2025 var óskað upplýsinga um hvort sóknaraðili hygðist gera lista eða koma á staðinn og taka muni. Kvað lögmaðurinn sóknaraðila þurfa að tæma húsið og liti svo á að ef sóknaraðili gerði ekki athugasemdir væri varnaraðila heimilt að fara með húsgögn sem ekki kæmust fyrir í Góða hirðinn. Svar barst með tölvubréfi lögmanns sóknaraðila sama dag, þar sem því var lýst að umbjóðandi hennar hefði ekki komið í [...] í 10 ár og hefði engar forsendur til að gera lista. Hún hefði engar upplýsingar um hvað hefði verið selt af búinu en lýsti sig með engu móti samþykka fyrirætlan sóknaraðila.

Meðal gagna málsins er bréf sóknaraðila til sýslumanns á höfuðborgarsvæðinu 25. febrúar 2025 þar sem hún vefengdi fyrrgreinda erfðaskrá og kaupmála og fór þess á leit að dánarbú föður hennar yrði tekið til opinberra skipta með vísan til 3. mgr., sbr. 1. mgr. 38. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o.fl. Sýslumaður mun hafa hafnað beiðninni með vísan til þess að hann tæki ekki afstöðu til gildis erfðaskráa og hefði enga heimild til að fella niður leyfi til setu í óskiptu búi, sbr. bréf sýslumanns 4. mars 2025.

## II

### *Málsástæður sóknaraðila*

Sóknaraðili vísar til þess að embætti sýslumanns hafi veitt varnaraðila leyfi til setu í óskiptu búi einungis átján dögum eftir andlát föður sóknaraðila, skömmu eftir að sóknaraðili fékk upplýsingar um að fyrir lægi erfðaskrá. Sýslumaður hefði átt að tilkynna sóknaraðila að komin væri fram beiðni frá varnaraðila um leyfi til setu í óskiptu búi áður en leyfið var veitt. Fyrir liggja að viðurhlutamikið sé að veita eftirlifandi maka leyfi til setu í óskiptu búi. Samkvæmt erfðalögum nr. 8/1962 sé einungis gert ráð fyrir að samerfingjar hafi vissar heimildir til að fylgjast með og gera athugasemdir við ráðstafanir eftirlifandi maka vegna eigna hins óskipta bús, sbr. 14. og 15. gr. laganna. Það sé langt frá því einfalt fyrir samerfingja að koma fram skiptum á dánarbúi eftir að leyfi hafi verið veitt til setu í óskiptu búi en samkvæmt ákvæðunum sé einungis gert ráð fyrir að eftirlifandi maki hafi gert tiltekna ráðstafanir með eignir bús til að unnt sé að ná fram skiptum.

Samkvæmt lögum nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o.fl. sé gert ráð fyrir að skipti dánarbús fari fram annað hvort í einkaskiptum eða opinberum skiptum. Eins og gefi að skilja sé óumdeilt hverjir séu erfingjar og hvernig haga skuli framgangi skipta þegar um einkaskipti sé að ræða. Hins vegar sé gert ráð fyrir því í 6. kafla laganna hvernig farið skuli að fari skipti fram í opinberum skiptum. Þar segi í 53. gr. að eitt af því fyrsta sem skiptastjóri skuli taka afstöðu til sé hverjir teljist til erfingja dánarbús. Í því felist að ef um erfðaskrá sé að ræða sem ekki séu sammæli um meðal erfingja, þ.e. ef vefengja eigi erfðaskrá, skuli skiptastjóri senda slíkan ágreining til úrlausnar í dómi. Þannig geri skiptalögin ráð fyrir því að vefenging erfðaskrár fari fram fyrir dómi eftir að skiptastjóri undir opinberum skiptum sendi slíkan ágreining fyrir dóm. Öðruvísi fari ágreiningur um gildi erfðaskrár ekki til úrlausnar fyrir dómi. Eina leið sóknaraðila til að vefengja erfðaskrá og kaupmála föður hennar sé því undir opinberum skiptum. Með því að sýslumaður hafi veitt varnaraðila leyfi til setu í óskiptu búi hafi embættið svipt sóknaraðila þeim möguleika sínum að vefengja erfðaskrána.

Sóknaraðili byggir kröfu sína, um að leyfi varnaraðila til setu í óskiptu búi sé fellt úr gildi og að dánarbúið verði tekið til opinberra skipta, á 45. gr. laga nr. 20/1991. Þar segi að komi fram mótmæli gegn kröfu um opinber skipti geti sá sem krefjist skiptanna krafist þess að héraðsdómari kveði á um það í úrskurði að réttaráhrif leyfis sem hafi verið veitt erfingjum til einkaskipta eða maka til setu í óskiptu búi falli niður að einhverju leyti eða öllu ef sérstök hættu þyki á að ráðstafanir verði annars gerðar sem gætu rýrt réttindi þess sem krefst opinberra skipta. Ljóst sé að sú afgreiðsla sýslumanns, að veita varnaraðila leyfi til setu í óskiptu búi, hafi rýrt réttindi sóknaraðila til að vefengja erfðaskrá föður hennar og kaupmála. Sóknaraðili hafi verulegar áhyggjur af því að varnaraðili haldi áfram sölu fasteignar dánarbúsins og jafnvel hverfi úr landi með þá fjármuni sem fáist fyrir eignina. Þá séu verulegar líkur á að varnaraðili hafi ekki upplýst um allar eignir búsins.

#### *Málsástæður varnaraðila*

Varnaraðili byggir á því að öll forms- og hæfisskilyrði erfðalaga nr. 8/1962 séu uppfyllt svo erfðaskrá hins látna teljist gild. Í samræmi við það hafi embætti sýslumanns gefið út leyfi til setu í óskiptu búi til handa varnaraðila 18. febrúar 2025. Vilji hins látna hafi verið skýr og ótvíræður auk þess sem hann hafi verið skiljanlegur og rökréttur. Hann hafi viljað tryggja að varnaraðili gæti setið í óskiptu búi eftir andlát hans og hafi það verið tilgangur með gerð erfðaskrárinnar. Mjög algengt sé að hjón geri slíkar erfðaskrár þegar þau eigi fyrir börn sem ekki séu þeirra sameiginlegu börn til þess að tryggja rétt langlífari maka. Hjónin hafi óttast að sóknaraðili myndi gera kröfu um útgreiðslu arfs við andlát C. Hann hafi ekki viljað að varnaraðili væri upp á það komin að þurfa að afla samþykkis sóknaraðila fyrir setu í óskiptu búi eftir hans dag og þannig tryggja að eiginkona hans kæmi fjárhagslega af.

Ákvæði erfðalaga um heimild erfingja til að krefjast skipta þegar langlífari maki sitji í óskiptu búi séu ströng og tæmandi talin. Heimildin komi fram í 15. gr. erfðalaga þar sem fram komi að erfingi geti krafist skipta sér til handa sanni hann að maki vanræki framfærsluskyldu gagnvart sér, rýri efni bús með óhæfilegri fjárstjórn eða veiti tilefni til að óttast megi slíka rýrnun. Þetta ákvæði hafi verið túlkað þröngt í dómaframkvæmd og þurfi mikið til að koma svo að fallist verði á að taka dánarbú til opinberra skipta á grundvelli þess. Engin sönnun liggja fyrir um að C hafi ekki verið arfleiðsluhæfur 23. september 2022. Afrit úr sjúkraskrá sem sóknaraðili hafi lagt fram sýni að hann hafi verið hæfur til að gera erfðaskrá og hafi

sóknaraðili engin vottorð lagt fram sem styðji annað. Erfðalög geri ekki ráð fyrir að erfingi geti krafist opinberra skipta á dánarbúi á grundvelli skorts á hæfi arfleifanda eftir að sýslumaður hafi gefið út búsetuleyfi. Ef fallist væri á málatilbúnað sóknaraðila væru með því opnað á að erfingjar gætu alltaf leitað til dómstóla eftir útgáfu búsetuleyfis og krafist opinberra skipta án þess að skilyrði væru til staðar þegar í gildi væri fullgild erfðaskrá sem ekki hafi verið hnekk. Með því móti væri verið að skerða heimild hjóna samkvæmt 3. mgr. 8. gr. erfðalaga til að mæla fyrir um í erfðaskrá rétt hins langlífara til setu í óskiptu búi þar sem fólk gæti alltaf átt von á slíkum kröfum frá erfingjum. Erfðalög geri ekki ráð fyrir því og sé það mat varnaraðila að dómstóll geti ekki tekið kröfuna til greina á grundvelli fyrirbyggjandi gagna heldur beri að hafna henni eða vísa frá ex officio.

Að mati varnaraðila hafi C verið fullfær um að gera erfðaskrá 23. september 2022 og hafi lögbókandi vottað erfðaskrána við undirritun. Í 34. gr. erfðalaga segi að erfðaskrá sé því aðeins gild að sá sem geri hana sé svo heil heilsu andlega að hann sé fær um að gera þá ráðstöfun á skynsamlegan hátt. Lögbókandi hafi vottað að svo háttaði til varðandi arfleifendur 22. september 2022. Liggi því fyrir sönnun um hæfi arfleifanda. Fullyrðingar sóknaraðila um langt genginn Alzheimer sjúkdóm C fái ekki stoð í gögnum málsins. Samkvæmt færslum í sjúkraskrá hafi hann leitað til læknis 13. september 2022, eða 10 dögum fyrir undirritun erfðaskrárinnar, til þess að fá mat á aksturshæfni en hann hafi ekið bifreið fram að því. Í sjúkraskrá segi að um sé að ræða [...] ára gamlan mann með nýgreindan Alzheimer sjúkdóm. Hann sé [...] og starfi 3-4 daga í viku í hlutastarfi hjá [...]. Niðurstaða læknis hafi verið sú að C hafi verið ráðið frá því að aka bifreið. Helstu niðurstöður varðandi heilsufar hafi verið tilgreindar þannig að hegðun í prófi var talin eðlileg, hann lagði sig fram og úthald og áttun eðlileg. Sjónrænt hafi mælst skert frammistaða á teikniprófi en hann hafi fengið 12 af 12 stigum við aflestur klukku. Augljóst sé því að hann hafi ekki verið með langt genginn Alzheimer sjúkdóm er erfðaskráin var gerð. Daginn fyrir gerð erfðaskrárinnar, eða 22. september 2022, komi fram í sjúkraskrá að taugasálfræðilegt mat hafi sýnt fram á stýrifærnisgerðingu og skertan úrvinnsluhraða. Fram komi að hann hafi ennþá verið að vinna en minna en áður. Fyrir utan öikumat hafi hann haft það ágætt og myndað ágætis samband, bæði formlega og tilfinningalega. Ekki hafi komið fram áberandi málstol, hvorki varðandi tjáningu né skilning. Samkvæmt færslu í sjúkraskrá C frá 14. júní 2023, um níu mánuðum eftir undirritun erfðaskrárinnar, hafi C fallið út úr rannsókn sem hann hafi samþykkt að taka þátt í þar sem einungis fólki með vægan Alzheimer sjúkdóm væri boðið að taka þátt. Ástæðan hafi verið sú að sjúkdómssgreining C hafi ekki verið rétt enda væri hann með [...] sjúkdóm. C hafi hins vegar, nokkru áður, boðist þátttaka en þar hafi einungis tekið þátt einstaklingar með vægan Alzheimer sjúkdóm. Sýni það að læknar hafi metið það svo að sjúkdómurinn hafi ekki verið kominn á alvarlegt stig.

Sóknaraðili taki fram í greinargerð sinni að ástand varnaraðila hafi verið orðið það slæmt að hún hafi sett fram beiðni til héraðsdóms um að hann yrði sviptur fjárræði. Sóknaraðili hafi ekkert samráð haft við varnaraðila vegna kröfunnar til þess að spyrjast fyrir um fjárhagsstöðu og heilsufar C. Beiðnin hafi verið dagsett 16. janúar 2025 eða rúmum tveimur árum og fjórum mánuðum eftir að erfðaskráin var undirrituð. Rétt sé að benda á að jafnvel einstaklingur sviptur fjárræði sé ekki endilega óhæfur til að gera erfðaskrá. Fjárræði sé enda ekki skilyrði arfleidsluhæfi.

Engin stoð sé í þeirri málsástæðu sóknaraðila að hætta sé á að varnaraðili hverfi úr landi með fjármuni bú síns. Varnaraðili hafi selt fasteign hjónanna að [...] í [...] og keypt litla fasteign á [...]. Hún hafi notað allt söluandvirði eignarinnar til að kaupa hina nýju eign. Hrein eign við sölna hafi verið um 54.000.000 krónur og hafi allt söluandvirðið verið notað til kaupa á nýju eigninni. Ekkert liggi fyrir um að varnaraðili hafi ekki upplýst um allar sínar eignir er hún sótti um leyfi til setu í óskiptu búi. Varnaraðili hafi tilgreint allar eignir hjónanna og eigi hún engar eignir í Bandaríkjunum, öfugt við það sem sóknaraðili haldi fram.

Varnaraðili bendi á að sóknaraðili hafi ekki verið í miklum samskiptum við föður sinn síðustu árin. Hún hafi hringt í hann á u.þ.b. tveggja ára fresti og ekki þekkt vel til heilsufars hans. Undir það síðasta, er C hafi verið lagður inn á [...] vegna versnandi heilsufars, hafi sóknaraðili einungis heimsótt hann í eitt skipti daginn fyrir andlát hans. Hún hafi raunar ekki vitað á hvaða deild hann lá.

C hafi átt góða og slæma daga er hann var sem veikastur. Sóknaraðili sjálf og vinir C hafi lýst því að hann hafi verið sjálfum sér líkur er hann varð [...] í byrjun janúar 2025 og verið vel viðræðuhæfur. Erfðaskráin hafi verið gerð löngu fyrir það tímamark. Ljóst sé af öllu framangreindu að ekkert óeðlilegt hafi verið við afgreiðslu og framkvæmd sýslumanns á veitingu leyfis til setu í óskiptu búi.

### III

Ágreiningur máls þessa lýtur að því hvort taka skuli dánarbú C, föður sóknaraðila og eiginmanns varnaraðila til opinberra skipta. Sem fyrr segir veitti sýslumaður varnaraðila leyfi til setu í óskiptu búi 18. febrúar 2025 á grundvelli ákvæðis í erfðaskrá C 23. september 2022 þar um. Í beiðni sóknaraðila til dómsins 21. febrúar 2025 kvaðst sóknaraðili gera þá kröfu í málinu að fyrrgreint dánarbú yrði tekið til opinberra skipta. Í greinargerð sóknaraðila, sem lögð var fram á dómþingi 27. mars 2025, lýsti sóknaraðili kröfum sínum þannig að þess væri krafist að leyfi varnaraðila til setu í óskiptu búi yrði fellt úr gildi og að dánarbúið yrði tekið til opinberra skipta. Var því ekki mótmælt af hálfu varnaraðila.

Hvað varðar lagagrundvöll málsins lýsti sóknaraðili því svo í beiðni sinni til dómsins að kröfur hennar byggðu á 3. mgr. 38. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o.fl. Sagði í beiðninni að eina leiðin fyrir sóknaraðila til þess að vefengja erfðaskrá föður síns, þar sem hann veitti varnaraðila heimild til setu í óskiptu búi, væri undir opinberum skiptum. Í greinargerð sinni til dómsins lýsti sóknaraðili því hins vegar að krafan byggði á 45. gr. laganna nr. 20/1991. Afgreiðsla sýslumanns hefði enda rýrt réttindi sóknaraðila til að vefengja erfðaskrá föður hennar og kaupmála.

Í 1. mgr. 45. gr. laga nr. 20/1991 er mælt fyrir um það að komi fram mótmæli gegn kröfu um opinber skipti á dánarbúi geti sá sem krefst skiptanna krafist þess að héraðsdómari kveði á um það í úrskurði að réttaráhrif leyfis maka til setu í óskiptu búi falli niður að einhverju leyti eða öllu ef sérstök hættu þykir á að ráðstafanir verði gerðar sem gætu rýrt réttindi þess sem krefst opinberra skipta. Skal héraðsdómari fara með slíka kröfu eftir 2. mgr. 120. gr. laganna og þannig kveða upp sérstakan úrskurð um þennan þátt málsins. Í athugasemdum með frumvarpi því er varð að lögum nr. 20/1991 er til þess vísað að tekið geti nokkurn tíma að leysa úr ágreiningi um hvort taka beri til greina kröfu um opinber skipti. Ef leyfi til einkaskipta eða setu í óskiptu búi standi óhaggað meðan á því standi njóti leyfishafar heimilda til að ráðstafa hagsmunum dánarbús á því tímaskeiði og skapist augljós hættu á að leyfishafar haldi uppi andófi gegn kröfu um opinber skipti til að halda forræði á dánarbúinu í andstöðu þess sem kröfu gerir. Sé því lögð til heimild til að héraðsdómari geti fellt niður slíkt leyfi um stundarsakir meðan leyst sé úr hvort krafa um opinber skipti verði tekin til greina.

Það leiðir af orðalagi 1. mgr. 45. gr. laganna og því sem áður er rakið að um er að ræða heimild þess sem krefst opinberra skipta að gera sérstaka kröfu um að réttaráhrif búsetuleyfis, sem veitt hefur verið, verði fellt niður á meðan leyst er úr kröfu um opinber skipti. Málsgreinin getur hins vegar ekki orðið grundvöllur þess að útgefið leyfi til setu í óskiptu búi verði fellt úr gildi eins og sóknaraðili virðist byggja á í greinargerð sinni samkvæmt framansögðu. Á það er einnig bent í þessu sambandi að dómari innti lögmann sóknaraðila eftir því við munnlegan málflutning hvort ætlunin hefði verið að vísa til ákvæðisins til stuðnings kröfu um að réttaráhrif leyfis varnaraðila til setu í óskiptu búi yrðu felld niður til bráðabirgða meðan á rekstri málsins stæði og staðfesti lögmaðurinn þann skilning dómsins að slík krafa hefði ekki verið höfð uppi í greinargerð. Verður því lagt til grundvallar að sóknaraðili hafi með tilvísun sinni til nefndrar greinar ætlað að styðja við kröfur sínar um að leyfi varnaraðila til setu í óskiptu búi verði fellt niður almennt. Með vísan til framangreinds verður því hafnað að taka beri til greina kröfu um opinber skipti, eða fella niður leyfi varnaraðila til setu í óskiptu búi, með vísan til 1. mgr. 45. gr. laga nr. 20/1991.

Kemur þá til skoðunar hvort 3., sbr. 1. mgr. 38. gr. sömu laga geti leitt til þess að kröfur sóknaraðila verði teknar til greina. Samkvæmt 1. mgr. greinarinnar skal dánarbú tekið til opinberra skipta að kröfu erfingja hafi skiptum ekki verið lokið samkvæmt 25.-27. gr. sömu laga og hvort sem leyfi hefur áður verið veitt til einkaskipta eða ekki. Í 3. mgr. 38. gr. segir síðan að erfingi geti krafist þess að bú verði tekið til opinberra skipta, þótt maki þess látna hafi fengið leyfi til setu í óskiptu búi, hafi erfinginn til þess heimild eftir ákvæðum erfðalaga.

Í ákvæðum erfðalaga nr. 8/1962 er fjallað um heimildir langlífari maka til setu í óskiptu búi. Samkvæmt 2. mgr. 8. gr. laganna er því hjóna sem lengur lifir heimilt að sitja í óskiptu búi með fjárráða stjúpnidjum sínum ef þeir veita samþykki sitt til þess. Í slíkum tilvikum geta stjúpnidjar þó krafist skipta sér til handa með eins árs fyrirvara, sbr. 2. mgr. 14. gr. laganna. Þrátt fyrir fyrrgreinda meginreglu, um að afla þurfi samþykkis stjúpnidja langlífari maka, er mælt fyrir um þá undantekningu að slíkt samþykki þurfi ekki hafi hinn látni í erfðaskrá mælt fyrir um slíkan rétt maka síns, sbr. 3. mgr. 8. gr. laganna. Í athugasemdum með frumvarpi því er varð að lögum nr. 48/1989, sem mæltu nánar fyrir um rétt langlífari maka til setu í óskiptu búi, kom fram að tilgangur ákvæðanna væri meðal annars að bæta stöðu langlífari maka gagnvart stjúpnidjum hins látna þannig að heimild til setu í óskiptu búi yrði ekki háð samþykki þeirra heldur yrðu þeir bundnir af ákvörðun í erfðaskrá um þennan rétt. Að baki þessu byggi sú reynsla að stjúpnidjar væru líklegri til að standa í vegi fyrir setu langlífari maka í óskiptu búi en sameiginlegir niðjar hjóna. Ekki þyrfti því að leita afstöðu stjúpnidja til umsóknar um leyfi til setu í óskiptu búi heldur fengist leyfið á grundvelli erfðaskrár að öðrum skilyrðum uppfylltum.

Það leiðir af framangreindu að skammlífara hjóna hefur ríkan rétt til að ráða því með erfðaskrá hvort skipti fara fram eða heimild verður veitt til setu í óskiptu búi. Verður og í þeim efnum að gæta að þeirri grundvallarreglu erfðaréttar að virða ber vilja arfláta eins og hann kemur fram í erfðaskrá eins og frekar er unnt, sbr. dóm Hæstaréttar 15. september 2021 í máli nr. 36/2021.

Í málalýsningu sínum vísar sóknaraðili ekki til tiltekinna ákvæða erfðalaga en skilja verður málalýsningu hennar svo að taka beri til greina kröfu um opinber skipti á þeim forsendum að varnaraðila hafi ranglega verið veitt leyfi til setu í óskiptu búi þar sem C heitinn hafi verið með langt genginn Alzheimer sjúkdóm við undirritun erfðaskrárinnar. Sýslumaður hafi síðan gefið út leyfi til setu í óskiptu búi án þess að sóknaraðila gæfist færi á að andmæla gildi erfðaskrárinnar.

Eins og rakið hefur verið var varnaraðila veitt leyfi til setu í óskiptu búi 18. febrúar 2025 á grundvelli erfðaskrár C heitins frá 23. september 2022 þar sem sagði að varnaraðili skyldi sitja í óskiptu búi eftir andlát hans. Sem fyrr segir mun erfðaskráin hafa verið vottuð af lögþóttanda, en í fyrirbyggjandi arfleiddsluvottorði, sem er meðal gagna málsins, segir að C hafi undirritað hana af fúsum og frjálsum vilja í viðurvist lögþóttanda og að erfðaskráin hafi haft að geyma hans hinsta vilja.

Meðal gagna málsins er afrit af sjúkraskrá C heitins. Af henni verður ráðið að fyrsta koma C á minnismóttöku hafi verið 16. desember 2021, eða um níu mánuðum fyrir undirritun hinnar umdeildu erfðaskrár. Lýsti hann þá minnistrúflunum síðustu 1-2 árin. Í heimsókn til öldrunarlæknis 26. apríl 2022 var C greindur með Alzheimer en þeirri greiningu mun síðan hafa verið breytt árið 2023 og hann greindur með svokallaðan [...] sjúkdóm.

Fyrir liggur að á þeim tíma sem C undirritaði fyrrgreinda erfðaskrá, eða rúmum tveimur árum fyrir andlát, bjó C enn á heimili sínu með varnaraðila en var byrjaður í sérhæfðri dagþjálfun þrisvar í viku. Í nótu öldrunarlæknis 13. og 16. september 2022 sagði að C væri nýgreindur með Alzheimer sjúkdóm, væri [...] sem starfaði 3-4 daga í viku og væri háður bíl til þess að sinna vinnu sinni. Hann færi reglulega í sund, keyrði annars lítið en að eiginkona hans hefði áhyggjur af akstrinum vegna óhappa sem hann hefði lent í. Þá kom fram að ökuamatsteymi hefði ráðlagt C að hætta að keyra bíl. Enn fremur sagði í nótu læknis 22. september 2022, eða daginn fyrir undirritun erfðaskrár, að C myndaði „ágætis samband, bæði formlega og tilfinningalega. Ekki kemur fram áberandi málstol í viðtali, hvorki varðandi tjáningu né skilning. Greinilega ekki með fullt innsæi í veikindin. Ekki áberandi endurtekningar. Geðslag virðist hlutlaust.“

Í málinu liggur ekki fyrir matsgerð dómkvadds matsmanns um andlegt ástand C á umræddum tímamarki. Þótt fyrir liggir að hann hafi á þeim tíma verið nýgreindur með Alzheimer sjúkdóminn er ekkert í gögnum málsins sem bendir til þess að sjúkdómurinn hafi í september 2022 náð því stigi að honum hafi brostið hæfi til þess að ráðstafa eignum sínum svo skynsamlegt væri. Þá er til þess horft að ráðið verður af bæði af framburði sóknaraðila og varnaraðila fyrir dómi að samband C við sóknaraðila hafi verið takmarkað, en sóknaraðili hafði ekki komið á C í tíu ár áður en hann lést. Verður því að leggja til grundvallar að umrædd ráðstöfun, að mæla fyrir um rétt varnaraðila til setu í óskiptu búi, hafi ekki verið óskynsamleg eða óeðlileg eftir atvikum eins og á stóð.

Í ljósi alls framangreinds verður að hafna kröfu sóknaraðila um að fella beri úr gildi ákvörðun sýslumanns um búsetuleyfi á þeim forsendum að leyfið hafi ekki getað grundvallast á umræddri erfðaskrá. Hefur sóknaraðili að öðru leyti ekki fært fyrir því viðhlítandi rök eða gert grein fyrir anmörkum á meðferð sýslumanns sem leiði til þess að fella beri umrædda ákvörðun úr gildi. Loks hefur sóknaraðili ekki sýnt fram á að önnur ákvæði erfðalaga geti leitt til þess að taka beri kröfu hennar um opinber skipti til greina. Verður kröfum sóknaraðila samkvæmt þessu hafnað. Rétt þykir eftir atvikum að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

Halldóra Þorsteinsdóttir héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

#### **Úrskurðarorð:**

Hafnað er kröfum sóknaraðila, A, um að dánarbú C verði tekið til opinberra skipta og að leyfi varnaraðila, B, til setu í óskiptu búi verði fellt úr gildi.

Málskostnaður milli aðila fellur niður.